



Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur)

Stjórn SAMFOK (samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík) lýsir yfir ánægju með þessar lagabreytingar en telur þó að ganga þurfi lengra. Aukning hefur orðið á notkun nikótínþúða hjá ungmennum og eru samfélagsmiðlar og áhrifavaldar notaðir til að auglýsa þessar vörur. Einfalt er að kaupa vörurnar á netinu og jafnvel gefinn magnafsláttur. Auglýsingar fyrir nikótínþúða eru í fjölmiðlum, samfélagsmiðlum og í hljóðvörpum.

Það að banna auglýsingar á vörum sem þessum og fella ekki inn í það auglýsingar á netinu hefur lítil áhrif á ungmenni enda horfa þau hvorki né hlusta á línulega dagskrá heldur nýta sér samfélagsmiðla, hlaðvörp og aðrar efnisveitur.

Ef takmarkið með þessum lagabreytinum er m.a. að minnka aðgengi ungmenna að nikótínþúðum teljum við að ganga þurfi lengra í að takmarka markaðssetningu á þessum vörum og að taka þurfi fyrir netverslun með nikótínvörur.

Mikilvægt er að lögunum sé fylgt eftir af festu, að einfalt sé að tilkynna brot á þeim og að viðurlög séu skýr og þeim beitt.

Reykjavík 31. janúar 2021

Stjórn SAMFOK